

Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hellu

Garðabær, 21. nóvember 2025
202511-0039/A.B.
08.01

Efni: Umsögn – Lýsing - Breyting á aðalskipulagi - Tunguvirkjun - Rangárþing ytra.

Ísáð er til erindis Rangárþings ytra er barst 13. nóvember sl. vegna skipulagslýsingar fyrir breytingu á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016–2028 um skilgreiningu nýs iðnaðarsvæðis fyrir allt að 3 MW vatnsaflsvirkjun í landi Keldna II.

Í skipulagslýsingunni er gerð grein fyrir hugmyndum um uppbyggingu Tunguvirkjunar, þar sem áformað er að stífla Keldnalæk ofan við ármót hans og Eystri-Rangár, mynda inntakslón, leggja fallpípu um Tunguheiði og reisa stöðvarhús niður undir ár. Framkvæmdin felur jafnframt í sér nýtingu núverandi vegslóða og hugsanlega efnistöku innan landareignar Keldna.

Sérstök vernd

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er Krókahraun og Tungufoss sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr.

náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útilokar þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Varðandi fossa þá þarf við gerð tillögunnar að aðalskipulagsbreytingu þarf að fjalla skýrt og ítarlega um áhrif virkjunarinnar á Tungufoss og rennsli hans, þar á meðal áhrif fyrirhugaðrar stíflu, inntakslóns og rennslisbreytinga í Keldnalæk. Meta þarf hvort og hvernig framkvæmdin geti haft áhrif á fossinn að vetrarlagi og sumarlagi, hvort breytingar á rennsli geti dregið úr náttúrulegum einkennum hans eða ásýnd og hvort framkvæmdin kunni að leiða til varanlegrar eða tímabundinnar röskunar.

Framkvæmdaraðili þarf jafnframt að leggja fram valkostamat þar sem gerðir eru greinargóðir samanburðir á mismunandi útfærslum virkjunarinnar og rökstutt hvers vegna valin lagnaleið, staðsetning og hönnun séu taldar leiða til minnstu mögulegrar röskunar. Í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga skal jafnframt gerð grein fyrir þeim almannahagsmunum sem réttlæta framkvæmdina, sé röskun á Tungufossi talin óhjákvæmileg.

Náttúruverndarstofnun telur að þessi atriði þurfi að liggja skýrt fyrir í skipulagstillögu og umhverfismati áætlunar áður en tillaga verður auglýst.

Framkvæmd

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Bakkagróður

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Því er mikilvægt að vernda bakka læksins við framkvæmdir.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar¹ eru innan skipulagssvæðisins m.a. língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í língresis- og vingulsvist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að mófuglategundirnar lóupræll, spói, þúfutittlingur, hrossagaukur, jaðrakan og stelkur nýti slíka vistgerð til varps.

Við gerð aðalskipulagstillögu þarf því að leggja fram staðfest gögn um: vistgerðir á öllu áhrifasvæðinu, umfang og tegund rasks vegna pípulagnar, stíflumannvirkja, vegagerðar og efnistöku, raunhæfi endurheimtar og frágangs, mótvægisaðgerðir sem miða að því að draga úr raski eða forðast það þar sem hægt er.

Varðandi fuglalíf þá bendir Náttúruverndarstofnun á allir fuglar eru friðaðir samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Þegar rætt er um friðun tekur hún einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar.

Auk þess bendir stofnunin á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Við skipulag og landnotkun skal tekið tillit til villtra dýra og búsvæða þeirra, sbr. lög um náttúruvernd og skipulagslög.

Þar af leiðandi er mikilvægt að mati Náttúruverndarstofnunar m.t.t. til fuglalífs að framkvæmdir verði utan varptíma.

Varðandi forsendur aðalskipulags um markmið, stefnumörkun um endurheimt og vernd þá þarf að fjalla um að fjölmargar fuglategundir eru undir álagi, en talningar af Suðurlandi sýna marktæka fækkun fimm tegunda, þ.e. heiðlóu, lóupræls, spóa, stelks og þúfutittlings.² Ekki er nákvæmlega vitað hvað veldur þessari fækkun en þar sem þessar tegundir sýna almennt neikvæð áhrif af aukinni landnotkun (mannvirkjum og skógrækt) gætu þetta verið merki um svæðisbundin neikvæð áhrif mannlegra umsvifa á þéttleika mófugla.³ Náttúruverndarstofnun bendir á að margar mófuglategundir eru ábyrgðartegundir Íslands⁴ þar sem um eða yfir 20% af Evrópustofnin verpir hér á landi. Heiðlóa og lóupræll eru jafnframt forgangstegundir í

¹ Náttúrufræðistofnun – Vistgerðarkort

² Aldís E.P., Böðvar Þ. og Tómas G.G., 2025. Recent population changes of common waders and passerines in Iceland's largest lowland region. *Bird Study*, bls. 1-13.

³ Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi – Mófuglar

⁴ Náttúrufræðistofnun – Forgangstegundir fugla

viðauka Bernarsamningsins, sem Ísland er aðili að, yfir tegundir sem þarfnast sérstakrar búsvæðaverndar.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Náttúrufræðistofnun uppfærði válista fyrir stöðu fuglategunda árið 2025⁵, en síðasti válisti hafði verið birtur árið 2018. Líkt og segir hér að ofan hafa mófuglar átt undir högg að sækja síðustu ár og voru flestar tegundir þeirra færðar um einn eða tvo flokka í nýrri uppfærslu válistans. Heiðlóa, spói og lóupræll færðust um tvo flokka, úr því að vera metnar ekki í hættu árið 2018 yfir í að vera metnar í nokkurri hættu árið 2025. Helsta hættan sem steðjar að þeim er búsvæðaeysing, en þó stofnar þeirra telji enn marga einstaklinga hafa þeir minnkað um allt að 30-40% á síðustu 10-15 árum. Ísland ber alþjóðlega ábyrgð á þessum tegundum sökum þess hve stór hluti Evrópastofnanna verpur hér á landi. Því er nauðsynlegt að athuga stöðu þessara tegunda á framkvæmdasvæðum sem eru algeng búsvæði þeirra og almenn þörf á því að draga úr frekara álagi á búsvæði þeirra til að stemma stigu við þessari hnignun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan skipulagssvæðisins er mikilvægt fuglasvæði skv. vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar⁶

Við gerð aðalskipulagstillögu þarf því að liggja fyrir ítarlegt mat á:

- helstu fuglategundum á svæðinu,
- búsvæðum og fæðusvæðum,
- áhrifum rasks og breytinga á vatnafarinu á fuglalíf,
- mögulegum áhrifum á tegundir sem njóta sérstakrar verndar eða teljast ábyrgðartegundir,
- samlegðaráhrifum við aðrar framkvæmdir eða athafnir í nágrenninu.

Náttúruverndarstofnun telur að án slíkra gagna sé ekki unnt að meta umhverfisáhrif á vistgerðir og fuglalíf með fullnægjandi hætti á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri

⁵ Náttúrufræðistofnun – Válisti fugla 2025

⁶ <https://vistgerdakort.ni.is/>

